



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2012**

Góðir Íslendingar.

Við Dorrit óskum ykkur öllum gleðilegs árs og farsældar í hverju verki, vonum að framtíðin færi sem flestum gæfu og gleði.

Á þessum degi leitum við vísbendinga um næstu skref, látum hugann reika til liðinnar tíðar, metum reynsluna og lærum af henni. Árið sem við kvöddum í gær var vissulega viðburðaríkt, bæði á vettvangi okkar og veraldarinnar; markaði þáttaskil sem móta munu vegferð alla.

Jarðeldar undir jökli færðu Fróni aftur athygli og undur íslenskrar náttúru laða sífellt fleiri hingað; senn mun milljón gesta sækja okkur heim á hverju ári.

Öskugosin lögðu þungar búsifjar á bændur og aðra íbúa í nágrenninu en þjóðin tók höndum saman í hjálparstarfi. Þegar grösín lituðu gráan svörðinn grænan á ný höfðu öflin í iðrum jarðar fært okkur verðmæta landkynningu. „Nú þekkja allir í Kína Ísland,“ sagði forsætisráðherrann Wen Jiabao í samræðum á góðum fundi.

Endurreisn efnahagslífsins miðaði áfram og fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins luku verki og héldu aftur til Washington. Því þurfum við nú að treysta á eigin rammleik, dómgreind og vilja, muna lærdómana sem draga má af áföllunum.

Þjóðin kvað í annað sinn upp dóm í deilum um skuldir banka í öðrum löndum og víst er að atkvæðagreiðslurnar báðar færðu fólkinu í landinu sjálfstraust, vísuðu veginn í átt að auknu lýðræði, vöktu athygli og jafnvel aðdáun í öðrum löndum. Fjármálakreppan heldur enn mörgum þjóðum í heljargreipum og æ fleiri vilja kynnast því hvernig Ísland valdi aðra leið, kaus að láta lýðræðislegan rétt fólksins ráða för.

Byltingarnar sem kenndar eru við arabíska vorið eru líka til vitnis um nýja tíma, sýna að almenningur hefur afl til að ráða örlögum þjóða. Enginn valdsmaður situr lengur öruggur í krafti hefða, hersveita, auðmagns eða áhrifa í fjölmiðlum. Kjarninn í lýðræðishugsjón allra tíma – vilji fólksins – er nú hreyfiafl sögunnar.

Það var því vel við hæfi að hið virta vikurit Time skyldi velja mótmælendann mann ársins. Viðburðirnir hér heima eftir hrun bankanna eru líka rök fyrir slíku vali. Aldrei fyrr hafa aðgerðir almennings verið jafn afdrifaríkar í sögu landsins og brýnt að raddir fólksins hljómi áfram enda rökinn sem dagleg reynsla færir alþýðu manna jafnan skörp. Því hef ég kynnst í mörgum samræðum við mótmælendur í bókhöðunni hér á Bessastöðum.

Staða annarra þjóða hefur verið erfið. Það sýnir djúpstæður vandi í gjaldeyrisskipan, fjármálum og atvinnulífi Evrópu. Hann er einnig vísbending um ný valdahlutföll í efnahagskerfi veraldar. Spurt var á leiðtogafundum hvort Indland, Kína, Rússland eða Brasilía ættu að koma Evrópu til hjálpar. Þeir sem áður nutu herradóms í öðrum álfum leita þar nú aðstoðar.

Enginn veit á þessari stundu hvernig glímunni um framtíð Evrópu lýkur; lausnin er vart í auglýn. Kanslari Þýskalands sagði á aðventunni að mörg ár myndu líða þar til storminn lægði.

Á slíkum óvissutímum er gott að Ísland er með vissum hætti komið í var; getur treyst á ríkulegar auðlindir, nýtt sér vaxandi mikilvægi Norðurslóða og góð tengsl við ríki sem eru og verða burðarásar í viðskiptum.

Þótt margir hér heima búi enn við erfiðleika, tekjumissi, nagandi óvissu um húsnæði og fátækir þurfi að treysta á matargjafir – biðraðirnar fyrir jólin enn smánarblettur – þá erum við sem þjóð engu að síður betur stödd en flestir aðrir.

Hagvöxtur er hér nú við efri mörk þess sem mælist í aðildarríkjum OECD; atvinnuleysi til muna minna en í flestum löndum Evrópu; fjölmargar greinar og fyrirtæki fagna góðri afkomu. Hagnaður Icelandair varð til dæmis meiri en nokkru sinni fyrr og ferðaþjónustan í heild heldur áfram að færa út kvíar; 15 flugfélög eða jafnvel fleiri hyggjast flytja hingað farþega á sumri komanda.

Góðum árangri var líka náð á fleiri sviðum. Fjöldi fyrirtækja sem byggja á tækni, hugviti, rannsóknum og þróun sótti fram af miklum þrótti og mörg þeirra hafa á liðnum árum bætt við sig fólki.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla standa traustum fótum og uppörvandi var að heimsækja fyrr í vetur Snæfellsbæ, Ísafjörð og Selfoss; sjá vaxandi umsvif í atvinnulífi landsbyggðar.

Álverið í Straumsvík ver um þessar mundir tugum milljarða til að auka afköst og er það risavaxin erlend fjárfesting. Gagnaverin munu og með nýjum sæstrengjum færa okkur fjölda tækifæra.

Þjóðin getur því átt í vændum betri kjör, haldið áfram að þróa hér samfélag í þágu allra. En þá þurfum við að halda vel á málum, muna mistökin sem reyndust dýr, hafa hugrekki og einurð til að feta af ábyrgð nýjar brautir.

Við þurfum öll – einstaklingar, fyrirtæki og hið opinbera – að temja okkur aukið aðhald, hætta að treysta á lántökur og gjalddaga í framtíðinni, ákveða að hefjast ekki handa um framkvæmdir fyrr en söfnun fjármuna hefur skapað sjóði.

Undanfarna áratugi hafa umsvif hins opinbera aukist til muna, starfsfólki fjölgað í ráðuneytum og þorra stjórnarstofnana. Slíkt er sjálfsagt að vissu marki nauðsynlegt eigi Ísland að halda í við helstu samstarfsríki en samt er hægt að gæta hófs og skila sínu á annan hátt.

Þótt mörgum hafi fundist nóg um umsvif forsetans á liðnum árum hefur starfsmönnum á forsetaskrifstofunni ekki fjölgað í rúm 20 ár. Þeir eru enn fjórir eða jafn margir nú og um 1990.

Ef forsetaembættinu tekst í áratugi að sinna auknum verkefnum með óbreyttum starfsmannafjölda hví þurfa þá aðrir þættir ríkisvaldsins sífellt að vaxa? Er ekki kominn tími til að meta á ný umfang stjórnkerfisins sem þjóðinni er ætlað að bera og gera það óbundin af gömlum kennisetningum? Við endurskipan þess og uppstökkun gætu fengist fjármunir til að auka velferð og hagsæld, efla atvinnulíf, menntun og menningu.

Aldarafmæli háskólans og tvö hundruð ára fæðingarhátíð Jóns Sigurðssonar voru hollar áminningar um leiðarstef og gildin sem dugað hafa þjóðinni best, hin gömlu sannindi um hófsemi og aðhald, samstöðu og eindrægni, hvatning til að standa áfram vörð um hornsteinana: tungumálið, náttúru og menningu.

Bókmenntirnar, fornar og nýjar, hafa í þeim efnum verið aflgjafi og svo er enn. Það sýndi glæsilegt framlag Íslands á bókasýningunni miklu í Frankfurt. Nýjar þýðingar á fornsögunum og fjöldi samtímaverka í þýskum búningi vörpuðu ljósi á samhengið í sögu þjóðar og sess skáldanna í vitund okkar.

Opnun Hörpu var og yfirlýsing um menningarmetnað Íslendinga; þakkargjörð til þúsunda sem iðka tónlist og njóta hennar, kóra og hljómsveita. Hin unga kynslóð hefur þar eignast framtíðarvettvang og eftirminnilegir tónleikar Bjarkar veittu æskunni innblástur og það veganesti að hægt er að ná heimsfrægð og vera um leið trúr upprunum og kröfunni um betri heim. Og svo kom Mugison suður og bauð af ísfirsku örlæti allri þjóðinni til Hörpugleði.

Já, við eigum ríkulegan efnivið og getum, ef rétt er á málum haldið, átt bjarta tíð í vændum; notið þess að vera í skjóli þegar óveður geisar í fjármálalífi álfunnar; sótt styrk í vaxandi mikilvægi Norðurslóða, traust samskipti við nágrannaþjóðir og vináttu við ríkin sem eru í forystu við mótun framtíðar.

Það hafa verið mér forréttindi að spinna, í samvinnu við háskóla og fræðimenn, forystufólk á mörgum sviðum, frumkvöðla og stofnanir, sterka þræði nýrra tengsla við þá sem deila með okkur undraveröld norðursins. Lega landsins mun skapa Íslendingum lykilstöðu þegar nýjar siglingaleiðir opnast og nýting auðlinda á Norðurslóðum færast í aukana.

Það sem margir nefna Nýja norðrið setur nú þegar aukinn svip á samskipti okkar við Rússland og Kanada; rennir nýjum stöðum undir gömul tengsl við Bandaríkin; færir norrænu samstarfi fleiri víddir, heillandi verkefni sem kalla á náíð samráð við nágranna í austri og vestri, Noreg og Grænland.

Þessi breyting birtist skýrt í viðræðum mínum við Medvedev og Putin og á nýlegum fundi utanríkisráðherra Íslands og Rússlands. Sams konar vitnisburður fólst í komu Hillary Clinton og annarra bandarískra ráðamanna á fund Norðurskautsráðsins í Nuuk.

Eftir lok kalda stríðsins og brottför hersins, á tímum langvarandi óvissu um framtíð Evrópu, er það gæfa Íslands að þróunin á Norðurslóðum hefur gert samstarf allra sem þar eiga heima að sterkum þræði í nýrri heimsmynd; fært landi okkar nýjan sess.

Vináttan við Indland og Kína mun líka reynast okkur farsæl og skapa æ fleiri tækifæri, enda munu þessi fjölmennustu ríki heims ráða úrslitum um örlög jarðarbúa á næstu árum og áratugum; verða í sífellt ríkari mæli uppspretta tækni, vísinda, viðskipta og framfara. Annað býr að rótgróinni lýðræðishefð; hitt leitar leiða til að mæta kröfum um aukið frelsi og lífshætti sem unga fólkið biður um.

Þrátt fyrir áföllin er Ísland því vel á vegi statt, einkum sé horft til framtíðar. Auðlindir okkar – fiskurinn, orkan, vatnið og náttúran – verða

sífelld verðmætari; fólkið sjálf, menntun þess og hæfni, eflir svo áfram sköpunarkraft í listum, menningu og nýjum greinum atvinnulífs.

Auðvitað blasa við vandamál af ýmsu tagi en þau má leysa með samstöðu og yfirvegum, víðsýni og gagnkvæmu trausti. Allir sem kjörnir eru til ábyrgðar þurfa að hafa það að leiðarljósi, kappkosta að sameina kraftana til góðra verka í stað þess að kynda undir togstreitu.

Forseti Íslands er eini kjörni fulltrúinn sem valinn er af þjóðinni allri, hvorki háður flokkum né öðrum hagsmunum. Fólkið treystir því að hann bregðist ekki á örlagastundum. Það er einn helsti hornsteinn íslenskrar stjórnskipunar, lýðræðis í landinu.

Á tímum breytinga og umróts fól þjóðin mér þann trúnað að gegna skyldum forseta og ég hef leitast við að sinna því í samræmi við samvisku mína og bestu getu. Þótt ákvarðanir hafi á stundum verið erfiðar hefur það líka veitt mér mikla gleði að vera þátttakandi í verkefnum á mörgum sviðum, leggja lið og smíða með öðrum nýjar stöðir sem treysta stöðu Íslands í veröldinni og afkomu fólksins í öllum byggðum.

Þótt árin hafi liðið furðu fljótt er samt langur tími frá því ég ávarpaði ykkur fyrst úr þessum sal og því eðlilegt að við Dorrit og reyndar fjölskyldan öll séum farin að hlakka til frjálsari stunda. Við hjónin höfum líka á liðnu ári eignast fallett hús í trjálundi við litla á, griðarstað til frambúðar.

Að dómi margra eru tímarnir hins vegar markaðir verulegri óvissu og er þá einkum vísað til stöðu stofnana og samtaka á vettvangi þjóðmálanna, að stjórnarskráin hafi verið sett í deiglu breytinga, fullveldi Íslands orðið dagskrárefni vegna viðræðna við Evrópuríki og áriðandi sé að málstaður þjóðarinnar birtist skýrt í alþjóðlegri umfjöllun.

Á grundvelli þessa er svo höfðað til skyldurækni forsetans, trúnaðarins sem fólkið í landinu hefur sýnt mér.

Vissulega hef ég á nýliðnum vetrardögum íhugað vandlega þessi sjónarmið.

Niðurstaðan kann að hljóma sem þversögn en er engu að síður sú að aðstaður þjóðarinnar séu þess eðlis að ég geti fremur orðið að liði ef val á verkefnum verður eingöngu háð mínum eigin vilja, óbundið af þeim skorðum sem embætti forsetans setur jafnan orðum og athöfnum.

Þegar skyldur þjóðhöfðingjans hvíla ei lengur á mínum herðum fæ ég meira frelsi til að sinna hugsjónum og málefnum sem hafa lengi verið mér kær, get á annan veg tekið þátt í að efla framfarir og hagsæld, vísindi, rannsóknir og atvinnulíf. Þá munu opnast nýjar leiðir til að styðja baráttuna

gegn loftslagsbreytingum og kynningu á hreinni orku, þróa samvinnu á Norðurslóðum og tengsl okkar við forysturíki í öðrum álfum, auka tækifæri unga fólksins og lýðræði í landinu.

Ákvörðun mín felur því ekki í sér kveðjustund heldur upphaf að annarri vegferð, nýrri þjónustu við hugsjónir sem hafa löngum verið mér leiðarljós; frjálssari til athafna en áður og ríkari af reynslunni sem forsetaembættið færir hverjum þeim sem þjóðin kýs.

Sá sem situr Bessastaði er sífellt minntur á drauma frumherjanna sem færðu Íslandi sjálfstæði, á andann sem glæddi menningu og móðurmál nýju lífi, á vonir og þrár þjóðarinnar.

Hér er fjöreggið sem okkur er falið; varðveisla þess æðsta skylda forsetans.

Ég færi ykkur, kæru landsmenn, einlæggar þakkir fyrir traustið sem þið hafið lengi sýnt mér, Dorrit og Guðrúnu Katrínu; óska hverjum og einum, ykkur öllum farsældar í framtíðinni.